

Skólaráðsfundur 2

Mætt: Haraldur Axel, Ragnheiður Garðarsdóttir, Ásthildur Eva, Andri Sævar, Margrét Eðvaldsdóttir, Ingunn Rós, Gunnar Þór, Arnar Stefánsson.

Ritari: Bryndís Jóna.

- Fjárhagsáætlanir síðasta árs og þessa.

- Haraldur Axel fer yfir helstu þætti í stöðu fjárhagsáætlunar ársins 2018. Því fjárhagsári hefur ekki verið lokað en útlit er fyrir að árið komi vel út þrátt fyrir ófyrirséða útgjaldaliði, einkum launahækkanir. Hann segir einnig frá hvernig heildaráætlun fyrir tekju-, launa- og rekstrarliði ársins 2019 lítur út. Hann lýsir ánægju sinni af að ekki hefur verið óskað eftir niðurskurði á þeirri áætlun sem sett var fram í upphafi.

- Ytra mat Heiðarskóla

- Haraldur segir frá matsþáttum og tilhögun ytra mats sem matsmenn Menntamálastofnunar framkvæmdu í Heiðarskóla á haustönn. Niðurstöðum var skilað um miðjan desember. Haraldur kynnir helstu þætti í niðurstöðum þess, bæði styrkleika og sóknarfæri og segir jafnframt frá því að framundan er vinna við umbótaáætlun. Samantekt á helstu niðurstöðum skýrslunnar hafa verið sendar á foreldra í Heiðarskóla í tölvupósti. Skýrsluna í heild sinni er hægt að lesa á heimsíðu skólans.

- Þemadagar og árshátíð.

- Bryndís Jóna segir stuttlega frá verkefnum og undirbúningi þemadaga 13. - 15. febrúar en á þeim verða verkefni tengd tækni, vísindum og nýsköun unnin. Hún segir einnig frá þema árshátíðar skólans sem verður Kardimommubærinn.

- Önnur mál.

- Engin önnur mál.

- Fleira ekki rætt og fundi slitið.